

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir „Minningar- 52
sjóð Stefáns Sigurðssonar í Haga, útgefin á venjulegan hátt, ad man-23. maí
datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 23. maí 1929. Skipulagsskráin
er þannig :

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Stefáns Sigurðssonar í Haga.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um eiginmann minn, Stefán Sigurðsson, bónda í Haga í Gnúpverjahreppi, sem fæddur var 11. apríl 1885 og dáinn 18. apríl 1927. Er hann stofnaður í dag á 44 ára afmælisdegi hans, og skal hann jafnan vera kenndur við nafn hans.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 400,00 — fjögur hundruð krónur —, sem Menningarsjóður Gnúpverja hefir í síðastliðnum mánuði veitt mér til minningar um Stefán; og eykst sjóðurinn af vöxtum og gjöfum, sem kunna að verða gefnar í hann.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands með þeim skilmálum, að vextir séu allir lagðir við höfuðstól, unz ársvextir nema 200 kr., — tvö hundruð krónum —, en úr því falli $\frac{1}{2}$ — helmingur — ársvaxtanna til útborgunar til stjórnar sjóðsins. Hinn helmingurinn sé ávallt lagður við höfuðstólinn.

4. gr.

Starfsvið sjóðsins skal vera Gnúpverjahreppur í Árnessýslu, og hann einn. Og er tilgangur sjóðsins að styrkja ekkjur og ekkjumenn, sem búsett eru í hreppnum.

5. gr.

Styrkveitingum skal svo hagað:

- a. Þær fari fram 11. apríl ár hvert, eða því sem næst.
- b. Eigi má veita minni styrk en 100 — eitt hundruð — krónur.
- c. Veita má hvort heldur eftir umsóknum eða án þeirra.

- 52 d. Sé engin ekkja eða ekkjumaður í hreppnum talin styrkþurfi, skal
23. maí styrkja munaðarlaus börn. Þurfi þess ekki heldur ár og ár, leggjast allir vextir við höfuðstól, meðan svo stendur, sbr. þó 8. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, er fyrst um sinn séu: Ólafur V. Briem, prestur á Stóranúpi, og sé hann formaður, Páll Stefánsson, bóndi á Ásólfstöðum, Jóhann Kolbeinsson, bóndi á Hamarsheiði og Ágúst Sveinsson, bóndi í Ásum, meðan þessara manna nýtur við í hreppnum, — og undirrituð. En er þessara manna missir við, taki við stjórn sjóðsins: Oddviti sóknarnefndar Stóranúpssóknar, og sé hann formaður, sóknarprestur Stóranúpsprestakalls, hreppstjóri Gnúpverjahrepps og hreppsnefndaroddviti Gnúpverjahrepps, og taki þeir eftir aldri við af fyrnefndum mönnum, nema formaður af formanni. Stjórnarmenn þessir tilnefna fimmta manninn í stjórnina, og sje hann jafnan einn af niðjum Stefáns, ef nokkur þeirra er búsettur í hreppnum. Skipi sami maður fleiri en eina af stöðum þessum, eða vanti mann í stjórn af öðrum ástæðum, kýs sóknarnefnd Stóranúpssóknar mann eða menn í stjórn sjóðsins til þess að hún verði fullskipuð.

Annast stjórnin fjárhag sjóðsins og ræður úthlutun styrktarfjár.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksár. Formaður gerir ársreikninga sjóðsins, en aðrir tveir stjórnarmenn endurskoða þá. Skulu þeir ritaðir í sérstaka bók, sýndir á safnaðarfundum Stóranúpssóknar, og síðan birtir í Lögbirtingablaðinu.

8. gr.

Komi sú tíð, að vextir þeir, er til útborgunar falla, verði svo miklir, að sýnt sé, að framvegis verði engin þörf á þeim öllum til styrktar ekkjum, ekkjumönnum eða munaðarlausum börnum, má verja nokkru af þeim til annara líknarstarfa.

9. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari..

Haga, Gnúpverjahreppi, Árnassýslu, 11. apríl 1929.

J. Margrét Eiríksdóttir.